



SIGLINGASTOFNUN

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/297**  
**komudagur 28.11.2002**

Alþingi  
Hildur Njarðvík  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 26.11.2002  
Tilv. 023  
HG/hj

Siglingastofnun vísar til bréfs yðar dags. 6. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar Hafnabótasjóðs um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti Siglingastofnun Íslands fer með fyrirvar Hafnabótasjóðs.

Skv. 28. gr. hafnalaga nr. 23/1994 er sjóðnum heimilt að veita hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárförf í hverju tilviki og telst starfsemi sjóðsins því vera leyfis skyld á grundvelli 3. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki. Með frumvarpi til hafnalaga sem lagt var fram á síðasta Alþingi og er væntanlegt á yfirstandandi þingi er gert ráð fyrir að hlutverki Hafnabótasjóðs verði breytt verulega. Lagt er til að hætt verði að veita lán úr sjóðnum þar sem það hlutverk sjóðsins sé óþarft í ljósi þróunar á íslenskum lánsfjármarkaði. Frumvarpið mælir fyrir um að Hafnabótasjóður taki upp nýtt hlutverk sem verði svipað hlutverki vegasjóðs, þ.e. að fjármagna framkvæmdir á samgönguáætlun.

Með hliðsjón af ofanrituðu gerir Siglingastofnun f.h. Hafnabótasjóðs ekki athugasemdir við efni frumvarpsins

Virðingarfyllst,

f.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri